

ÁRSSKÝRSLA

2013

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

# ÁRSSKÝRSLA 2013

**HEILBRIGÐISSTOFNUN**  
**VESTURLANDS**

AKRANES • BORGARNES • BÚÐARDALUR • GRUNDARFJÖRÐUR • HÓLMAVÍK • HVAMMSTANGI • ÓLAFSVÍK • STYKKISHÓLMUR

**Umsjón með útgáfu/  
hönnun/umbrot**  
Rósa Mýrdal

**Ljósmyndir**  
G. Bjarki Halldórsson  
<http://www.flickr.com/bjarkih/>  
<http://www.bjarkih.org/>

**Forsíðumynd**  
G. Bjarki Halldórsson  
Myndin er tekin á Hólmavík

# EFNISYFIRLIT

Pistill forstjóra	" 4
Skipurit	" 5
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
<b>Heilsugæsla</b>	" 14
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 16
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 17
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 18
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 19
Heilsugæslustöð HVE Hólmavík	" 20
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 21
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 22
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 23
<b>Sjúkrahús</b>	" 24
Sjúkrahús HVE Akranesi	" 25
Sjúkradeild HVE Hólmavík	" 30
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 31
Sjúkrahús HVE Stykkishólmi	" 33
<b>Ársreikningur 2013</b>	" 37

# FRÁ FORSTJÓRA

Ársskýrsla og samantekt um helstu þætti starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands fyrir árið 2013 lítur nú dagsins ljós, öðru sinni á vordögum. Hér má finna samandregnar upplýsingar skv. þeim upplýsingakerfum sem aðgengileg eru á starfsvettvangi okkar.

Ef gluggað er í ársskýrsluna má glögg sjá að starfsmenn leitast ötulir við og á öllum sviðum að halda uppi þróttmiklu starfi þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hið ytra sem einkennt hafa umhverfi okkar undanfarin ár.

Á árinu 2013 gátum við starfsmenn í heilbrigðisþjónustu merkt með örilitlum hætti að róðurinn væri farinn að léttast. Þetta á a.m.k. við um starfsemina innan vébanda HVE og ástæður þessa getum við í mikilvægum atriðum rakið til þess að í sameiningu hefur okkur tekist að framfylgja krefjandi áætlunum undangenginna ára, þó við afar þröngan kost. Almennt hefur starfsstöðvum tekist að ramma inn þjónustuna í samræmi við fjárhagslegar heimildir og því ekki þurft að flytja á milli ára hallarekstur og það er mikils virði. Þar sem fjárhagslegir erfiðleikar hafa verið til umfjöllunar er unnið skipulega að umbótum.



Opinber þjónusta er um þessar mundir mjög til umræðu, umfang hennar og skipulag. Þetta á ekki síst við um heilbrigðisþjónustu sem bæði er flókin og margbreytileg að sinni gerð. Þjónustan í landinu útheimtir framlag þúsunda sérhæfðra starfsmanna sem leggja sitt af mörkum í þágu þeirra sem standa höllum fæti, tímabundið eða langvarandi. Þetta eru göfug verkefni en engu að síður snýst hluti umræðunnar jafnan um kostnaðarþátt samfélagsins í þessu sambandi og þar sýnist sitt hverjum.

Stjórnendum í heilbrigðisþjónustu er gert ljóst að yfirvöld vænta þess að stöðugt sé leitað leiða til að veita eins góða og gagnreynda þjónustu á sem hagkvæmasta og skilvirkasta hátt hverju sinni og finna stöðugt nýjar leiðir í þessum efnum. Ákallinu svara stjórnendur eftir föngum. Það er því sjálfstætt markmið öllum stundum að vinna að hagræðingu og góðum lausnum. Í þessu sambandi er mikils virði að okkur lánist að nýta hugkvæmni og ferska nálgun viðurkenndra leiða, bæði verklag og á hinu tæknilega sviði. Að þessu er unnið á Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem og víðast annars staðar og okkar bíða margvísleg verkefni sem spennandi verður að vinna að. Eflaust má þar finna dæmi um atriði sem ekki er einhugur um en ef við erum staðráðin í að vera áfram í fremstu röð, þá er lykilatriði að gengið sé til móts við óvissa tíma með opnum hug, hafa djörfung til að ræða með málefnalegum hætti um stefnu og strauma og taka ákvörðun í samræmi við nútímalegar kröfur.

Eins og að framan er dregið á, þá hafa starfsmenn HVE sýnt þolgæði, útsjónarsemi og skilning á erfiðum aðstæðum undanfarin misseri. Því vil ég að endingu árétta þakkir mínar til alls þess góða samstarfsfólks sem skipar sér í raðir öflugrar vikingasveitar stofnunarinnar. Markmiðum okkar í bráð og lengd náum við einungis með einbeittum hópi starfsmanna sem líkt og undanfarin ár er reiðubúinn að standa vörð um þjónustuna á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri

# SKIPURIT HVE



**GILDI HVE**  
**VIRÐING**  
**TRAUST**  
**FAGMENNSKA**

# STJÓRN OG STJÓRNENDUR

## Framkvæmdastjórn

Forstjóri	Guðjón S. Brjánsson
Framkvæmdastjóri lækninga	Pórir Bergmundsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri fjármála	Ásgeir Ásgeirsson

## Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði	Linda Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði	Rósa Marinósdóttir
Svæðisfulltrúi	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Svæðisfulltrúi	Jóhann Björn Arngrímsson
Verkefnastjóri tækni- og búnaðarmála	Halldór Hallgrímsson
Yfirlyfjafræðingur	Ingveldur Sverrisdóttir
Fagstjóri endurhæfingar	Hrefna Frímannsdóttir
Fagstjóri lækna- og sjúkraritunar	Rósa Mýrdal
Fagstjóri myndgreiningar	Gróa G. Þorsteinsdóttir
Fagstjóri rannsóknarþjónustu	Hafðís Bjarnadóttir
Fagstjóri sjúkraflutninga	Gísli Björnsson

## Heilsugæsla

HVE Akranes heilsugæsla	Reynir Þorsteinsson yfirlæknir Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Borgarnes heilsugæsla	Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Búðardalur heilsugæsla	Þórður Ingólfsson yfirlæknir Ásgerður Jónsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur til 30.06.2013 Þórunn B. Einarsdóttir frá 01.07.2013.
HVE Grundarfjörður heilsugæsla	Þorsteinn Bergmann yfirlæknir til 31. ágúst 2013. Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hólmavík heilsugæsla	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hvammstangi heilsugæsla	Geir Karlsson yfirlæknir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Ólafsvík heilsugæsla	Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Stykkishólmur heilsugæsla	Kristinn Logi Hallgrímsson læknir Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

# Sjúkrahús

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðjóna Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvennadeild HVE Akranesi	Edward Kiernan yfirlæknir Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og göngudeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningardeild HVE Akranesi	Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Akranesi	Eyjólfur Harðarson deildarstjóri
Læknaritaramiðstöð HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnbogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Bjarni Þór Ólafsson deildarstjóri
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Sjúkraflutningar HVE Akranesi	Gísli Björnsson deildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hólmavík	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Guðrún Benónýsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímannsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri



# ÞÆTTIR ÚR STARFSEMI

## Reksturinn

Eins og tæpt er á í inngangi ársskýrslunnar var gengið til móts við nýtt ár 2013 með örlítið skærari vonarneista um að léttu færi til í starfsumhverfi heilbrigðisþjónustu eftir erfitt og krefjandi tímabil. Fjárlög gerðu ekki lengur ráð fyrir niðurskurði í krónum talið. Það fór hinsvegar ekki framhjá neinum þegn í samfélaginu að verðbólga var talsverð lengst af árinu og verðlagshækkanir dundu á landsmönnum, jafnt og þétt. Við þetta var glímt og hvað varðar Heilbrigðisstofnun Vesturlands þá náðist góður árangur sem líkja má við sigra sem full ástæða er til að geyma í minni. Engri annari heilbrigðisstofnun í landinu með jafn umfangsmikla starfsemi tókst að ná landi í árslok með rekstrarleg málefni sín í jafnvægi. Þetta skiptir umtalsverðu máli varðandi framhald starfseminnar og í glímunni við fjárhagsleg atriði næsta árs.

Eins og sjá má á ársreikningi sem fylgir aftar í ársskýrslunni, þá er niðurstaðan jákvæð enda krafa gerð um mikinn rekstrarlegan og fjárhagslegan aga og ábyrgð í hvívetna. Áætlun sem gerð var í upphafi ársins stóðst með miklum ágætum og frávik óveruleg þegar litið er til heildarinnar.

## Starfsemin

Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands einkenndist fremur af varnarbaráttu fremur en sókn á árinu 2013 þótt stöðugt væri leitast við að horfa fram á veginn og búa í haginn fyrir betri tíð. Ýmis atriði sem nánar eru tilgreind í þessari samantekt gefa vísbendingar um þetta. Horft er til heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu með hliðsjón af stefnumörkun stjórnvalda á landsvísu og þeirrar framtíðarsýnar sem stofnunin hefur lagt fram í samráði við ráðuneyti, litið fram á veginn og unnið samkvæmt þessu.

Í heild er óhætt að fullyrða að starfsemi stofnunarinnar hafi því verið öflug og kappkostað að uppfylla þær skyldur og væntingar sem íbúar á starfssvæðinu hafa til þjónustunnar. Því verður þó ekki í móti mælt að los í læknamönnun er alvarlegt umhugsunarefni og starfsmönnum jafnt sem íbúum áhyggjuefni. Stöðugt var þó unnið að lausnum á árinu en hvergi sköpuðust alvarleg vandkvæði af þessum sökum þótt ekki sé búið við kjöraðstæður á öllu svæðinu.

Starfsemin á heilsugæslusviði var síst minni en undanfarin ár þegar á heildina er litið, tölulegar upplýsingar þar um er að finna á bls. 14-23. Hvað sjúkrasviðið áhrerir hefur frekari styrking orðið á ýmsum sviðum. Kviðsjáraðgerðir vegna kviðslits og gallvegasjúkdóma hafa ekki verið jafn margar áður. Þá fjölga aðgerðum á kvennadeild jafnt og þétt. Á lyflækningadeild er rekin sem fyrr mjög fjölbreytt og öflug sérfræðiþjónusta. Þannig hefur innlögnum á lyflækningadeild HVE Akranesi fjölgað um rúm 15% og á handlækningadeildinni var fjölgun um rúm 14% á árinu. Þá sýna tölur að bráðainnlögnum hefur enn fjölgað og meðalaldur sjúklunga lækkað, þrátt fyrir að lyflækningadeildin hafi tekið við hlutverki öldrunardeildarinnar varðandi hvíldarinnlagnir. Nokkur fjölgun hefur orðið á innlögnum á háls- og bakdeild HVE í Stykkishólmi eða tæplega 10% aukning á milli ára. Skýrist þetta m.a. af lengri opnunartíma deildarinnar á árs grundvelli.

Í ársbyrjun var undirritaður samstarfssamningur við Embætti landlæknis um áframhaldandi þróun rafrænnar sjúkraskrár og prófanir á nýjum lausnum sem unnið er að. Heilbrigðisstofnun Vesturlands varð fyrir valinu til þessa samstarfs við embættið vegna góðs árangurs sem hér hefur náðst á sviði rafrænnar sjúkraskrár og þeirrar þekkingar og reynslu sem fagfólk innan stofnunarinnar býr yfir.



Atvikanefnd HVE var sett á fót í upphafi árs. Hlutverk nefndarinnar er að efla vitund starfsmanna og stjórnenda um atvik og mikilvægi skráningar. Nefndin vinnur að samræmingu verklags og endurskoðun verklagsreglna til að tryggja skilvirk viðbrögð við atvikum, stuðla að skjótri úrvinnslu og eftirfylgd með umbótum innan HVE. Á haustmánuðum vann nefndin að undirbúningi og kynningu á skráningarbreytingum atvika tengdum sjúklingum. Þetta fólst í því að færa atvikaskráningu af pappírformi yfir í rafræna rauntímaskráningu. Nefndin hefur leiðbeiningar fagráðs Embættis landlæknis um sjúklingaöryggi að leiðarljósi.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti í lok janúar að beita sér fyrir svokölluðu jafnlaunaátaki og að verja tilteknu fjármagni til endurskoðunar stofnanasamninga heilbrigðisstofnana í þessu skyni. Þetta verkefni var kynnt með formlegum hætti síðla aprílmánaðar og umtalsverð vinna var lögð í undirbúning og aðlögun. Árið var á enda þegar gengið var frá síðustu samningnum en átakið náði til allflestra starfsmanna HVE.

Í apríl, á síðasta vetrardegi efndi þáverandi velferðarráðherra til fundar með starfsfólki og gestum HVE í Stykkishólmi. Þar kynnti hann þær breytingar sem fyrirhugaðar voru á starfsemi í húsakynnum staðarins. Stefnt var að sameiningu dvalar- og hjúkrunarheimilisins í bænum og þjónustu HVE í húsinu. Unnið hefði verið að málinu s.l. tvö ár og nú lægju fyrir aðaltekningar og kostnaðaráætlun að umfangsmiklum framkvæmdum sem hefjast ættu strax í sumar. Skemmst er frá því að segja að framkvæmdir við fyrsta áfanga hófust með endurnýjun aðstöðu mötuneytis við eldhús á 1. hæð. Ekki tókst að ljúka verkinu nema til háls á árinu og ný ríkisstjórn afturkallaði síðan allar áætlanir sem höfðu verið á þjónunum og við það situr.

Samstarfssamningur var undirritaður milli Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Björgunarsveitarinnar Ok um að koma á fót sveit vettvangshjálparliða í Reykholti í Borgarfirði á árinu. Þetta er enn eitt skref sem er stígið í átt til uppbyggingar sveita vettvangshjálparliða á starfssvæði HVE en fyrir eru sveitir vettvangshjálparliða í Flatey, Reykhólum og Húsafelli.

## Mannauðsmál

Starfsemi liðins árs var í heild sinni um margt svipuð að umfangi og árið á undan. Hvað heilsugæsluna í heilbrigðisumdæminu varðar þá er sem fyrr alvarlegur skortur á heilsugæslulæknum. Ekki bárust gildar umsóknir um þrjú auglýst læknisstörf innan heilsugæslunnar. Nokkrar stöðvar eru mannaðar af læknum sem eru í fullu starfi annars staðar en eru að nýta sér vaktافرí og lögbundna frítöku til að vinna utan starfstöðva sinna. Þannig hefur læknisþjónusta ekki fallið niður á neinni heilsugæslustöðva HVE en mönnun er langt í frá ásættanleg. Vinnuálag er mikið og vaktabinding þung.

Í áætlun fyrir 2013 var gert ráð fyrir eyrnamerktu fjármagni til námskeiða og endurmenntunar fyrir starfsmenn en málaflokkurinn hefur liðið fyrir þrengingar liðinna ára. Markmiðið er að styðja við þennan mikilvæga þátt í starfseminni með markvissum og gegnsæjum hætti. Um viðleitni var að ræða og takmörkuðu fjármagni dreift til starfsstöðva í samræmi við fjölda og samsetningu starfsmanna og ráðstafað í meginatriðum skv. mati viðkomandi stjórnenda á starfseiningunum.

Þá var tekin upp sú nýbreytni að gera ráð fyrir því í ársáætlun að styðja við félagslega þætti í starfsmannahópi HVE með því að stofnunin legði starfsmönnum til skilgreinda peninga til eflingar á því sviði. Starfshópur hefur verið virkur frá stofnun HVE sem fjallað hefur um þessi atriði en þótt skorta á að heimildir og peningar fengjust til að ýta úr vör einhverjum verkefnum, sameiginlega eða svæðisbundið. Gert er ráð fyrir að tilteknum peningum verði varið til hverrar starfsstöðvar sem stjórnendur eða starfsmannafélög eftir atvikum ráðstafi í góðu samkomulagi.



Á vordögum var næringarfræðingur í fyrsta sinn ráðinn að Heilbrigðisstofnun Vesturlands með aðsetur á Akranesi. Starf næringarfræðings HVE felst m.a. í næringarráðgjöf vegna sykursýki og offitu. Einnig er næringarráðgjöf veitt sjúklingum sem liggja inni á legudeildum til að tryggja að þeir fái næringarmeðferð við hæfi. Starf næringarfræðings felst einnig í að veita starfsmönnum HVE fræðslu, m.a. ráðgjöf fyrir öll eldhús HVE, sérstaklega varðandi ráðleggingar um sérþæði fyrir inniliggjandi sjúklinga og skoðun á matseðlum.

Á haustmánuðum hóf sjúkráþjálfari frá Ísafirði að veita þjónustu í húsakynnum stofnunarinnar á Hólmavík. Þetta er þörf þjónusta sem ekki hafði verið aðgengileg fyrir íbúa staðarins um langa hríð. Þjónustan er í boði tvo daga vikunnar.

Einelti á vinnustöðum er umræðuefni og viðfangsefni sem upp kemur með reglubundnum hætti meðal starfsmanna, jafnt í heilbrigðisþjónustu sem á öðrum sviðum. Framkvæmdastjórn HVE samþykkti fyrri hluta árs stefnu um viðbrögð við einelti sem kynnt var ásamt ýmsum fróðleik sem tengist þessu málefni.

Í maí var stofnun ársins útnefnd í stóru hófi í Reykjavík sem þrjú stéttarfélag stóðu fyrir, þ.e. VR, SFR og Stéttarfélag Reykjavíkurborgar en þar eiga heima þeir starfsmenn HVE sem áður voru félagar í STAK sem var lagt niður í ársbyrjun 2007. Þetta er stórt stéttarfélag með um 4000 félaga. HVE hafnaði í öðru sæti félaga St.Rv. sem var mikið gleðiefni og uppörvun fyrir stjórnendur jafnt sem starfsmenn og brýnir til enn betri árangurs í náinni framtíð.

Á HVE störfuðu í árslok 2013 samtals 338 starfsmenn í 240,48 stöðugildum. Auk þess 38 sjúkraflutningamenn í tímavinnu og nokkrir heilsugæslulæknar í verktakavinnu.

## Námskeið / endurmenntun

Á árinu 2013 voru haldin nokkur fræðsluerindi og má þar nefna fyrirlestur sálfræðings um áföll, afleiðingar og viðbrögð, einelti, sýkingavarnir, fræðsla um sérþæði og skyndihjálp.

Fjölbreytt fræðsla var fyrir starfsmenn heilsugæslu og má þar nefna námskeið um slysavarnir barna, Ískrá, öldrunarmál, auk fræðadaga heilsugæslunnar. Þessir fræðadagar eru nánast ómissandi þáttur í fræðslu og símenntun starfsmanna sem stærstum hluta starfsmanna gefst kostur á að sækja.

Fræðsluáætlun kvennadeildar var tekin til gagngerrar endurskoðunar á árinu og skilgreint hvaða fræðslu/ símenntun starfsmenn þurfa á að halda reglulega. Í því sambandi gekk HVE til samvinnu við kvennasvið LSH um að fagfólk kvennadeildar HVE verði virkir þátttakendur í nýjum bráðanámskeiðum (PROMT) sem LSH mun halda á tveggja ára fresti. Á árinu fóru allar fastráðnar ljósmæður kvennadeildar í fyrsta sinn á þetta námskeið á LSH. Að auki var efnt til fræðslu fyrir kvennadeildina um verkjameðferð, epidural deyfingar í fæðingu og sykursýki á meðgöngu.

Síðastliðið vor útskrifuðust sjö sjúkraflutningamenn sem starfa við sjúkraflutninga hjá HVE með neyðarflutningsréttindi frá Sjúkraflutningaskólanum. Þessir sjúkraflutningsmenn starfa á Akranesi, í Borgarnesi, Grundarfirði og á Hvammstanga. Á haustdögum settust síðan aðrir sex sjúkraflutningamenn til viðbótar á skólabekk í Sjúkraflutningaskólanum, stunda þeir neyðarflutningsnám og bíða útskriftar á vordögum. Þessir sjúkraflutningamenn starfa á Akranesi, í Borgarnesi, Ólafsvík, Búðardal og á Hólmavík. Þetta viðbótarnám er mikils virði fyrir þjónustu á viðkomandi starfsstöðvum og styrkir bæði grunn- og bráðþjónustu stofnunarinnar.



## Nemar í klínísku starfsnámi

Hefð er fyrir að læknarstarfsnámi stundi starfsnámi við stofnunina. Þannig stunduðu 12 nemar á lokaári starfsnámi á skurð- og svæfingadeild og dvöldu 1 viku hver. Fjórir læknarstarfsnámi dvöldu 1 viku í senn á heilsugæslustöðinni á Akranesi.

Árið 2013 komu 20 háskólanemar og 19 sjúkraliðanemar frá Fjölbrautaskóla Vesturlands í klínískt starfsnámi á hjúkrunarsviði HVE Akranesi. Þannig komu þrjú háskólanemar í ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands, sex hjúkrunarnemar komu frá Háskóla Íslands og tíu frá Háskólanum á Akureyri. Þá kom einn hjúkrunarnemi frá Hjúkrunarfræðiskólanum í Árósum á lyflækningadeildina. Að auki kom einn hjúkrunarnemi í klínískt starfsnámi á heilsugæslustöðina í Borgarnesi.

Klíníska starfsnámið á hjúkrunarsviði var umfangsmeira en árið 2012 og sinntu hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og sjúkraliðar nemum samanlagt í 105 vikur á árinu.

Annar af tveim læknaritaranemum sem eru við störf á HVE lauk sínu námi á árinu, en hinn mun ljúka sínu námi vorið 2014.

Í Stykkishólmi komu tveir nemar á árinu til 8 vikna dvalar í starfsnámi sjúkraþjálfunar.

## Endurbætur og viðhald

Allnokkur endurbóta- og viðhaldsverkefni voru á árinu um allt starfssvæði HVE. Á Akranesi var lokið við utanhússklæðningar á gaffli, yfir anddyri og smíðaverkstæði. Flutningi trésmíðaverkstæðis og viðhaldsdeildar var lokið og nýr sameinaður vörulager tekinn í notkun. Þá voru böðin á handlækninga- og lyflækningadeild endurnýjuð auk þess sem nýtt bjöllukerfi á þessum deildum var sett upp.

Í Borgarnesi var unnið að ýmsum þáttum viðhalds í starfsmannabústað að Dílahæð 5.

Á heilsugæslustöðinni í Ólafsvík var lokið við að setja upp brunaviðvörðunarkerfi auk brunahólfunar. Skipt var um eldhúsinnréttingu í starfsmannaaðstöðu og húsnæðið málað.

Sömuleiðis var málað innandyra í Grundarfirði og smærra viðhaldi sinnt eftir föngum.

Í Stykkishólmi var unnið að stærri og smærri verkefnum. Áður hefur verið dregið á endurhönnun allrar byggingarinnar með tilliti til breytinga á starfsemi í húsinu. Það verkefni var komið á lokastig þegar horfið var frá frekari framkvæmdum að sinni. Engu að síður var hafin framkvæmd við nýtt mótuneyti starfsmanna eins og áður er getið um en því verkefni ekki lokið á árinu. Lóð hússins við aðalinngang var öll endurnýjuð og skipulögð með hellulögn, snjóbræðslu og bættu aðgengi. Skipt var um heimtaug fyrir vatn í aðalbyggingu. Kapólski söfnuðurinn á Íslandi festi kaup á hluta húsnæðisins sem var í eigu ríkissjóðs, þ.e. svokallaðri leikskólaálmú, alls um 530 fm. Þessi hluti hússins hafði ekki verið nýttur um langt skeið og þjónaði eingöngu sem geymslurými en fær nú aukið og nýtt hlutverk á vegum safnaðarinnar.

Í Búðardal var starfsmannaíbúð heilsugæslunnar endurnýjuð í hólfi og gólf með ágætum. Þá var öðru minniháttar viðhaldi sinnt eftir þörfum.

Á Hólmavík var hafinn undirbúningur að endurnýjun eldhúss á hjúkrunardeild sem enn er ólokið. Skipt var um neysluvatnslagnir á heilsugæslustöð.

Húsið að Spítalavegi á Hvammstanga var málað að utan og sömuleiðis var unnið að lagfæringum á brunaviðvörðunarkerfi.



## Tækjabúnaður

Fram hefur komið að endurnýjun búnaðar og tækja hefur legið venju fremur í láginni nokkur undanfarin ár vegna þrenginga í opinberum rekstri. Umleitanir að þessu leyti gagnvart fjárveitingavaldinu hafa að mestu leyti verið árangurslausar. Þó er ástæða til að geta þess að framlag fékkst til uppsetningar stafræns lesara fyrir röntgenmyndir í Borgarnesi og á Hólmavík sem er mikið framfaraspor. Þrátt fyrir þetta og í ljósi hins góða árangurs í fjárhagslegri umsýslu voru stigin nokkur skref í þessa átt á árinu 2013. Vonandi tekst að fylgja þessu eftir á næsta ári og þörfin er brýn. Fátt af því sem hér um ræðir eru stórvægileg atriði en hefur þó áhrif í vinnuumhverfinu. Í Borgarnesi voru endurnýjaðir 3 skoðunarbekkir sem mjög voru komnir til ára sinna og voru hvorki færanlegir eða stillanlegir. Í Búðardal var hjartalínuritstæki endurnýjað og í Ólafsvík var endurnýjaður forn bekkur í slysamóttöku. Þá var keyptur nýr blóðsýnatökustóll í Grundarfirði. Í Stykkishólmi var keypt ómskoðunartæki til notkunar í endurhæfingu fyrir sérstakt framlag frá ráðuneyti og gjafafé. Á Hvammstanga var uppþvottavél á heilsugæslusviði endurnýjuð. Á Akranesi var blóðsýnatökustóll endurnýjaður, sömuleiðis svæfingavél á skurðeild og ómskoðunartæki fyrir stofnunina jafnframt endurnýjað. Að hluta til var stuðst við gjafafé en góður hugur frá ýmsum aðilum á starfssvæðinu var auðsýndur á árinu. Þetta hefur stofnuninni sjaldan verið jafn dýrmætt og á þeim þrengingartímum sem nú standa yfir. Yfirlit um þessi atriði fylgja hér að neðan. Öllum velunnurum eru færðar hugheilar þakkir fyrir umtalsvert framlag, góðan hug og frumkvæði. Samhliða þessari endurnýjun búnaðar var unnið jafnt og þétt að því að styrkja tölvukerfi allrar stofnunarinnar með ýmsum hætti.

Tölvusneiðmyndataeki myndgreiningardeildar á Akranesi, sem var tekið í notkun 2007, er orðið mjög brýnt að endurnýja. Viðhald hefur aukist og myndgæði versnað þannig að vissar rannsóknir er ekki lengur hægt að framkvæma. Um er að ræða mikla fjárfestingu en án tækisins er geta stofnunarinnar til móttöku og meðferðar bráðveikra og slasaðra alvarlega skert.

## Gjafir til HVE

Sem fyrr bærust Heilbrigðisstofnun Vesturlands góðar gjafir á árinu.

Í ársbyrjun kom Aina Dam færandi hendi á fæðingadeild HVE á Akranesi með 16 húfur fyrir nýbura.

Sigrún Sólmundsdóttir í Belgsholti færði fæðingadeildinni á Akranesi fimm falleg bútasaumsteppi sem hún hafði saumað sjálf. Teppin voru gefin í minningu sonar hennar sem lést í slysi 1980 og hefði orðið 40 ára þann 1. maí.

Lionsklúbbur Stykkishólms færði heilsugæslustöðinni tvö tæki að gjöf. Það eru Dream care og Respisense sem vakta öndun nýbura.

Neisti, félag slökkviliðsmanna í Borgarbyggð gaf búnað sem samanstendur af súrefnistæki og hjartastuðtæki til nota fyrir nýstofnaða sveit vettvangshjálparliða sem stofnuð hefur verið í Reykholti. Þetta er fjórða sveit vettvangshjálparliða á svæði HVE.

Lionsklúbbur Akraness færði HVE á Akranesi ómskoðunartæki fyrir þvagblöðru, svokallaðan blöðruskanna. Verðmæti tækisins er um 1,6 milljónir króna.

Á vormánuðum færðu fjórir heiðursmenn í Stykkishólmi sjúkradeildinni þar ársáskrift að Morgunblaðinu.



Í maí samþykkti stjórn Gjafa- og minningarsjóðs SHA að færa endurhæfingadeild stofnunarinnar á Akranesi að gjöf göngu- og þjálfunarbraut af gerðinni Cybex 625T. Andvirði gjafarinnar er að upph. kr. 1.236,500.-

Í desember kom ung fjölskylda og færði slysa- og göngudeildinni á Akranesi að gjöf spjaldtölvu sem þakklætisvott fyrir góða aðstoð vegna erfiðra veikinda 10 ára fjölskyldumeðlims.

Stofnaður var minningarsjóður Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi sem arfleiddu St. Franciskusspítalann, nú HVE Stykkishólmi, að 13 millj. króna. Markmið sjóðsins er að styrkja stofnunina með kaupum á tækjum og búnaði þar.

Stofnunin færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hlýhug og stuðning.



# HELSUGÆSLUÞJÓNUSTA HVE

Innan HVE eru átta heilsugæslustöðvar. Samkvæmt 4. grein laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 nær heilsugæsluþjónusta yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.

Eftirfarandi grunnþjónusta er veitt á öllum heilsugæslustöðvum HVE:

- Læknisþjónusta
- Hjúkrunarþjónusta
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Ung- og smábarnavernd
- Skólaheilsuvernd
- Heilsuvernd og forvarnir

Á heilsugæslustöðvum HVE starfa samtals 69 starfsmenn í 49,31 stöðugildi auk 38 sjúkraflutningamanna á bakvöktum. Heildarfjöldi heilsugæslulækna á svæðinu er 13,5 stöðugildi. Auk þess koma allnokkrir afleysingalæknar að störfum á heilsugæslustöðvum HVE.


Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2013

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
<b>Heildarfjöldi skráðra samskipta</b>									
Karlar	19.902	11.593	3.035	3.426	3.255	4.598	5.605	5.304	<b>56.718</b>
Konur	28.810	17.094	3.512	4.283	3.462	6.803	8.008	6.527	<b>78.499</b>
<b>Samtals:</b>	<b>48.712</b>	<b>28.687</b>	<b>6.547</b>	<b>7.709</b>	<b>6.717</b>	<b>11.401</b>	<b>13.613</b>	<b>11.831</b>	<b>135.217</b>
<b>Teg. samskipta</b>									
Símtöl	16.478	10.826	2.098	2.942	2.418	4.388	5.308	2.797	47.255
Viðtöl	19.425	13.066	3.256	3.498	2.464	4.092	5.061	3.187	54.049
Viðjun	8.228	2.245	250	337	223	697	232	2.012	14.224
Færslur án samskipta	1653	1.195	602	302	1.017	1.088	1.424	349	7.630
Önnur samskipti	732	77	26	207	304	451	902	2.953	5.652
Rafræn samskipti	2196	1.278	315	423	291	685	686	533	6.407
<b>Heildarfj.</b>	<b>48.712</b>	<b>28.687</b>	<b>6.547</b>	<b>7.709</b>	<b>6.717</b>	<b>11.401</b>	<b>13.613</b>	<b>11.831</b>	<b>135.217</b>
<b>Þjónustuflokkar</b>									
Lækningar	23.545	13.387	4.817	4.036	4.363	6.499	6.726	5.208	68.581
Hjúkrun	2.296	5.402	234	1.000	583	1.093	1.466	937	13.011
Mæðravernd	1.384	421	64	100	76	87	380	72	2.584
Ungbarnavernd	1.733	724	207	114	105	130	329	169	3.511
Heimahjúkrun	7.827	2.074	117	212	739	898	122	1.971	13.960
Skólaheilsuvernd	405	566	48	0	17	83	175	92	1.386
Rannsókn	0	0	0	0	225	372	776	2.329	3.702
Annað	11.522	6.113	1.060	2.247	609	2.239	3.639	1.053	28.482
<b>Samtals:</b>	<b>48.712</b>	<b>28.687</b>	<b>6.547</b>	<b>7.709</b>	<b>6.717</b>	<b>11.401</b>	<b>13.613</b>	<b>11.831</b>	<b>135.217</b>

## Sjúkraflutningar á HVE 2010-2013

	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Akranes	643	767	766	886	120	15,7%
Borgarnes	317	287	319	373	54	16,9%
Búðardalur	76	99	122	97	-25	-20,5%
Grundarfjörður	38	37	70	75	5	7,1%
Hólmavík	44	47	38	47	9	23,7%
Hvammstangi	88	107	151	119	-32	-21,2%
Ólafsvík	122	153	184	171	-13	-7,1%
Stykkishólmur	119	139	124	152	28	22,6%
<b>Samtals:</b>	<b>1.447</b>	<b>1.636</b>	<b>1.774</b>	<b>1.920</b>	<b>146</b>	<b>8,2%</b>





# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.  
 Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2013 var 7.316.  
 Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 48.712.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2013 er 21 í 16,29 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	23.093	20.908	21.603	20.716	19.902	-814	-3,9%
Konur	29.082	27.597	28.547	29.034	28.810	-224	-0,8%
<b>Samtals</b>	<b>52.175</b>	<b>48.505</b>	<b>50.150</b>	<b>49.750</b>	<b>48.712</b>	<b>-1.038</b>	<b>-2,1%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	14.306	14.481	15.054	16.528	16.478	-50	-0,3%
Viðtöl	19.654	21.338	21.701	19.941	19.425	-516	-2,6%
Vitjun	7.549	7.306	8.643	8.322	8.228	-94	-1,1%
<b>Samtals</b>	<b>41.509</b>	<b>43.125</b>	<b>45.398</b>	<b>44.791</b>	<b>44.131</b>	<b>-660</b>	<b>-1,5%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BORGARNESI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar samanstendur af Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi.


Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2013 var 3.741.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 28.687.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2013 er 15 í 13,1 stöðugildum, þar af að jafnaði þrjú heilsugæslulæknar, auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Borgarnesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	12.741	11.009	11.154	11.142	11.593	451	4,0%
Konur	17.853	15.017	14.968	16.345	17.094	749	4,6%
<b>Samtals</b>	<b>30.594</b>	<b>26.026</b>	<b>26.122</b>	<b>27.487</b>	<b>28.687</b>	<b>1.200</b>	<b>4,4%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	8.419	9.377	9.405	10.061	10.826	765	7,6%
Viðtöl	12.370	11.929	12.482	12.930	13.066	136	1,1%
Vitjun	3.986	2.319	2.288	2.237	2.245	8	0,4%
<b>Samtals</b>	<b>24.775</b>	<b>23.625</b>	<b>24.175</b>	<b>25.228</b>	<b>26.137</b>	<b>909</b>	<b>3,6%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BÚÐARDAL



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Álftafirði í suðvestri og Bröttubrekku í suðri og allt norður og vestur á Litlanes á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Stöðin þjónar þannig íbúum Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2013 var 944.  
Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 6.547.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2013 er 6 í 3,59 stöðugildum, þar af einn heilsugæslulæknir og auk þess sjö sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Búðardal - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	3.963	3.109	2.950	3.055	3.035	-20	-0,7%
Konur	4.363	3.972	3.636	3.579	3.512	-67	-1,9%
<b>Samtals</b>	<b>8.326</b>	<b>7.081</b>	<b>6.586</b>	<b>6.634</b>	<b>6.547</b>	<b>-87</b>	<b>-1,3%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	2.078	2.068	2229	2.206	2.098	-108	-4,9%
Viðtöl	4.051	3.845	3275	3.384	3.256	-128	-3,8%
Vitjun	401	268	268	241	250	9	3,7%
<b>Samtals</b>	<b>6.530</b>	<b>6.181</b>	<b>5.772</b>	<b>5.831</b>	<b>5.604</b>	<b>-227</b>	<b>-3,9%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE GRUNDARFIRÐI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Berserkseyri að Búlandshöfða og í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2013 var 872. Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 7.709.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2013 er 5 í 2,6 stöðugildum, auk þess einn heilsugæslulæknir og fjórir sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Grundarfirði - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	3.836	3.259	3.176	3.522	3.426	-96	-2,7%
Konur	4.773	3.804	4.015	4.085	4.283	198	4,8%
<b>Samtals</b>	<b>8.609</b>	<b>7.063</b>	<b>7.191</b>	<b>7.607</b>	<b>7.709</b>	<b>102</b>	<b>1,3%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	919	2.234	2.590	2.561	2.942	381	14,9%
Víðtöl	5.022	3.663	3.385	3.818	3.498	-320	-8,4%
Vitjun	134	411	363	366	337	-29	-7,9%
<b>Samtals</b>	<b>6.075</b>	<b>6.308</b>	<b>6.338</b>	<b>6.745</b>	<b>6.777</b>	<b>32</b>	<b>0,5%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HÓLMAVÍK



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.  
Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2013 var 664.  
Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 6.717.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des 2013 er 3 í 1,64 stöðugildum og auk þess einn heilsugæslulæknir og fjórir sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Hólmavík - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	3.914	3.453	3.033	3.086	3.255	169	5,5%
Konur	3.985	3.473	3.448	3.746	3.462	-284	-7,6%
<b>Samtals</b>	<b>7.899</b>	<b>6.926</b>	<b>6.481</b>	<b>6.832</b>	<b>6.717</b>	<b>-115</b>	<b>-1,7%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	2.403	2.303	2.338	2.463	2.418	-45	-1,8%
Viðtöl	3.006	2.589	2.384	2.550	2.464	-86	-3,4%
Vitjun	178	222	205	246	223	-23	-9,3%
<b>Samtals</b>	<b>5.587</b>	<b>5.114</b>	<b>4.927</b>	<b>5.259</b>	<b>5.105</b>	<b>-154</b>	<b>-2,9%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HVAMMSTANGA



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar er Húnaþing vestra.  
 Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2013 var 1.173.  
 Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2013 var 11.401.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2013 er 9 í 4,69 stöðugildum, þar af 2 heilsugæslulæknar í 1,5 stöðugildi, auk sex sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Hvammstanga - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2013

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2012-2013	
Karlar	5.592	4.549	4.671	4.538	4.598	60	1,3%
Konur	7.434	5.913	5.997	6.322	6.803	481	7,6%
<b>Samtals</b>	<b>13.026</b>	<b>10.462</b>	<b>10.668</b>	<b>10.860</b>	<b>11.401</b>	<b>541</b>	<b>5,0%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>							
Símtöl	2.987	3.633	4.286	4.190	4.388	198	4,7%
Víðtöl	6.337	4.327	4.193	4.344	4.092	-252	-5,8%
Vitjun	603	480	525	687	697	10	1,5%
<b>Samtals</b>	<b>9.927</b>	<b>8.440</b>	<b>9.004</b>	<b>9.221</b>	<b>9.177</b>	<b>-44</b>	<b>-0,5%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE ÓLAFSVÍK



